HÚNAÞING VESTRA

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 28. apríl 2025
Mál nr. 2504035 U.V.H.

Efni: Umsögn Húnaþings vestra um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála.

Á 1243. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 28. apríl 2025 var umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Frumvarpið miðar að því öðru fremur að færa alla stefnumörkun og áætlanagerð á sviði samgöngu-, byggðamála og fjarskipta undir eitt ráð, stefnuráð, sem leysir af hólmi samgönguráð, byggðamálaráð og húsnæðis- og skipulagsráð. Byggðarráð Húnaþings vestra gerir alvarlegar athugasemdir við þau áform. Málefnasvið það sem heyra myndi undir nýtt stefnuráð er afar breitt sem getur komið niður á gæðum áætlana sökum skorts á sérþekkingu. Byggðarráð tekur heilshugar undir umsögn Byggðastofnunar þar sem varað er við að lögð verði af sérstök stefna í byggðamálum (byggðaáætlun). Það er mat ráðsins að með því að fella byggðaáætlun undir aðrar áætlanir ráðuneytisins sé lítið gert úr mikilvægi stefnumörkunar hins opinbera á sviði byggðamála þegar í raun þyrfti að gera slíkri stefnumótun enn hærra undir höfði en nú er gert. Byggðaáætlun hefur ótvírætt sannað gildi og mikilvægi sitt á undanförnum árum. Vinnulag við gerð hennar hefur aukinheldur reynst vel og hafa áætlanirnar notið stuðnings í meðferð Alþingis þvert á flokka. Það væri því að mati byggðarráðs stórt skref afturábak að rýra gildi áætlunarinnar með framangreindum hætti. Landsbyggðirnar mega ekki við slíkri afturför. Byggðarráð leggst gegn því að þessi hluti frumvarpsins nái fram að ganga. Ekki eru gerðar athugasemdir við breytingar sem lúta að aðlögun gildissviðs að breyttu málefnasviði ráðuneytisins.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við umhverfis og samgöngunefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.